

47

30. maí

Fé því, sem lagt er stúdentum úr ríkissjóði sem húsaleigustyrkur, útbýtir háskólaráðið í janúarmánuði.

Námsstyrkjum útbýtir háskólaráðið tvisvar á ári, undir lok hvers kennslumiss-eris. Þó má veita þeim, sem ganga ætla undir embættispróf, námsstyrk um það leyti, sem upplestrartími þeirra byrjar.

Þetta tilkynnist öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 30. júní 1942.

Magnús Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

48

30. júní

L Ö G

um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Greiða skal verðlagsuppbætur á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkis og ríkisstofnana og á eftirlaun og styrktarfé samkvæmt 18. gr. fjárlaga úr ríkissjóði samkvæmt fyrirætlum þessara laga.

Heimilt er lífeyrissjóðum embættismanna, barnakennara og ljósmæðra að greiða verðlagsuppbót á lífeyri á sama hátt. Ríkissjóður endurgreiðir lífeyrissjóðunum upphæðir þær, er þeir greiða samkv. ákvæðum þessum.

Ríkisstjórninni heimilast enn fremur að greiða sérstaka uppbót til þeirra embættis- og starfsmanna, sem hafa undir 650 kr. grunnkaup á mánuði og hafa börn innan 14 ára aldurs á framfæri sínu. Uppbót þessi nemi kr. 300.00 án verðlagsuppbótar fyrir hvert barn á ári og greiðist eftir á missirislega, þó þannig, að samánlögð grunnlaun og uppbót þessi fari eigi fram úr upphæð, sem svarar til 650 kr. grunnlauna á mánuði. Sams konar heimild veitist einnig ríkisstofnunum, sveitar- og bæjarfélögum og stofnunum þeirra.

2. gr.

Hagstofan, eða aðrir, ef lög ákveða svo, gerir yfirlit um breytingar á framfærslukostnaði í Reykjavík 1. dag hvers mánaðar, miðað við meðalverðlag mánuðina janúar—marz 1939.

Vísitölu þessa skal leggja til grundvallar við útreikning verðlagsuppbótar fyrir hvern mánuð.

3. gr.

Verðlagsuppbótin skal nema fullri hækkun vísitölunnar, miðað við grundvöllinn janúar—marz 1939 (= 100). Uppbót greiðist þó ekki af þeim hluta launa, sem er fram yfir 650 kr. á mánuði.

4. gr.

Nú tekur maður laun, eftirlaun eða fasta þóknun fyrir fleira en eitt starf eða hjá fleiri ríkisstofnunum í senn, og skal þá reikna uppbótina af launum samánlögðum og skipta hlutfallslega á þá aðila, sem launin greiða.

5. gr.

48

Verðlagsuppbótin greiðist á launin að viðbættri þeirri dýrtíðaruppbót, sem nú 30. júní er greidd samkvæmt lögum.

6. gr.

Verðlagsuppbót greiðist einnig á skrifstofufé og embættiskostnað, sem embættis- og starfsmönnum er greitt úr ríkissjóði, að undanskilinni húsaleigu og húsaleigu- styrk.

7. gr.

Greiða skal verðlagsuppbót á styrki þá, sem greiða ber samkv. lögum nr. 33 1940, um héraðsskóla, lögum nr. 60 1938, um húsmæðrafraeðslu í sveitum, lögum nr. 48 1930, um gagnfræðaskóla, svo og á styrki til iðnskóla.

Ríkissjóður og hlutaðeigandi bæjarsjóður greiða hvor um sig sömu verðlags- uppbót á þann styrk, sem þeim ber að greiða viðkomandi skóla, og greidd er em- bættis- og starfsmönnum ríkisins þann tíma, sem skólarnir starfa.

8. gr.

Hámarksákvæði niðurlags 3. gr. gilda ekki um greiðslur samkvæmt 6. og 7. gr.

9. gr.

Verðlagsuppbótin greiðist mánaðarlega eftir á.

10. gr.

Rísi ágreiningur út af ákvörðun og greiðslu verðlagsuppbótar samkv. lögum þessum, sker fjármálaráðherra úr til fullnaðar. Heimilt er ráðherra að setja reglu- gerð um nánari framkvæmdaratriði þessara laga.

11. gr.

Ákvæði laga þessara gilda frá ársbyrjun 1942. Eru jafnframt úr gildi fallin lög nr. 8 1941 og lög nr. 60 1941.

Gjört í Reykjavík, 11. júní 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jakob Möller.

L Ö G

49

30. júní

um breyting á lögum nr. 75 frá 21. júní 1921, um stimpilgjald.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam- þykki mínu:

1. gr.

14. gr. laganna orðist þannig:

Þeir, sem hafa á hendi stimplun skjala, skulu gæta þess, að hin stimpilskylda upphæð hvers skjals sé rétt tilgreind, og geta krafizt allra nauðsynlegra skýringa af hálfu þeirra, er stimplunar beiðast, og ákveða síðan gjaldið, framkvæma stimpl- unina og afhenda skjalið beiðanda. Þegar afsalsbréf eða leigusamningar greina ekki